mánaða fyrirvara. Uppsögn tekur gildi í lok þess almanaksárs sem fyrirvari þessi rennur út.

Í slíku tilfelli gilda ákvæði hans síðast um hagnað af rekstri og sölu eigna, sem myndaðist á því almanaksári sem lýkur með því að uppsögn tekur gildi eða sem reikna má á reikningsári, sem lauk á því ári.

Til staðfestu þessu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í París hinn 8. maí 1981 í tveimur jafngildum eintökum á íslensku og frönsku.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Einar Benediktsson
Sendiherra Íslands
í Frakklandi

Fyrir hönd franska lýðveldisins

Jean Meadmore
Forstjóri í utanríkisráðuneytinu
fyrir málefni Frakka erlendis.

moyennant un préavis de six mois. Cette dénonciation prendra effet à la fin de l'année civile au cours de laquelle expire ce préavis.

Dans ce cas, ses dispositions s'appliqueront pour la dernière fois aux bénéfices, revenus et gains en capital réalisés pendant l'année civile à la fin de laquelle la dénonciation prendra effet ou afférents à l'exercice comptable clos au cours de cette année.

EN FOI DE QUOI, les soussignés, dûment autorisés à cet effet, ont signé le présent accord.

Fait à Paris, le 8 Mai 1981 en double exemplaire original, en langues islandaise et française, les deux textes faisant également foi.

Pour le Gouvernement de la République d'Islande:

Einar Benediktsson,
Ambassadeur d'Islande en France.

Pour le Gouvernement de la République française:

Jean Meadmore,
Directeur des Français à l'Etranger.

Nr. 19 29. september 1982

AUGLÝSING

um samning við Bretland um heilbrigðisþjónustu.

Samningur milli Íslands og Bretlands um heilbrigðisþjónustu var undirritaður í Reykjavík í dag. Hann öðlaðist gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. september 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um heilbrigðisþjónustu

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

Sem vilja veita íbúum landssvæðis annars hvors samningsaðilans sem dveljast um stundarsakir á landssvæði hins bráðnauðsynlega sjúkrahjálp

Hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

a) „sjúkrahjálp"

i) að því er varðar Ísland, sjúkrahjálp sem veitt er samkvæmt íslenskri almannatryggingalöggjöf;

ii) að því er varðar Sameinaða konungsríkið og Mön, þjónustu sem veitt er samkvæmt löggjöf um heilbrigðisþjónustu ríkisins annað hvort af heilbrigðisyfirvöldum sem starfa samkvæmt þeirri löggjöf eða af heilbrigðisráði Manar, eftir því sem við á;

iii) að því er varðar Jersey, læknis- og hjúkrunarþjónustu á sjúkrahúsi, þar með talda tannlækna-, augnlækna- og lyfjaþjónustu, sem heilsugæslunefnd Jersey veitir;

iv) að því er varðar umdæmið Guernsey, meðferð á sjúkrahúsi sem heilbrigðisráð Guernsey veitir og þá með þeim sömu skilyrðum og hún er veitt íbúum þessa umdæmis;

b) „íbúi"

i) að því er varðar landssvæði Íslands, hvern þann sem er búsettur á Íslandi og tryggður samkvæmt íslenskri almannatryggingalöggjöf og hefur annað hvort gilt íslenskt vegabréf eða sjúkrasamlagsskírteini sem gefið er út samkvæmt þeirri löggjöf;

ii) að því er varðar Sameinaða konungsríkið og Mön, hvern þann sem er heimilisfastur í Sameinaða konungsríkinu eða á Mön og hefur annað hvort gilt vegabréf Sameinaða konungsríkisins eða sjúkraskírteini heilbrigðisþjónustu ríkisins;

iii) að því er varðar Jersey, hvern þann sem er heimilisfastur á þeirri eyju og hefur gilt vega-

AGREEMENT

between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland on Health Services

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland;

Desirous of providing residents of the territory of either of the two Contracting Parties temporarily in the territory of the other with immediately necessary medical treatment;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

For the purpose of this Agreement:

(a) "medical treatment" means:

(i) in relation to Iceland, medical treatment provided under Icelandic social security legislation;

(ii) in relation to the United Kingdom and to the Isle of Man, treatment by services provided under the National Health Service legislation either by health authorities established under that legislation or by the Isle of Man Health Services Board, as the case may be;

(iii) in relation to the Island of Jersey, hospital medical and nursing services, including dental, ophthalmic and pharmaceutical services, provided by the Public Health Committee of the States of Jersey;

(iv) in relation to the Bailiwick of Guernsey, hospital treatment as provided by the Board of Health of the States of Guernsey and under the same conditions as to a resident of that Bailiwick;

(b) "resident" means:

(i) in relation to the territory of Iceland, a person who is resident in Iceland and insured under Icelandic social security legislation and holds either a valid Icelandic passport or an insurance entitlement certificate issued in accordance with that legislation;

(ii) in relation to the United Kingdom and the Isle of Man, a person who is ordinarily resident in the United Kingdom or the Isle of Man who holds either a valid United Kingdom passport or a National Health Service Medical Card;

(iii) in relation to the Island of Jersey, a person who is ordinarily resident in that island who

bréf Sameinaða konungsríkisins eða nafnskírteini sem gefið er út í samræmi við heilbrigðistryggingalög (Jersey) 1967 eða skírteini sem gefið er út af stjórnvöldum Jersey um félagslegt öryggi;

iv) að því er varðar eyjarnar Guernsey, Alderney, Herm, Jethou og Sark, hvern þann sem er heimilisfastur á einhverri þessara eyja og hefur gilt vegabréf Sameinaða konungsríkisins eða vottorð um tryggingu sem gefið er út af stjórnvöldum Guernsey um félagslegt öryggi eða aðra sönnun um búsetu;

c) „landssvæði"

i) að því er varðar Ísland, landssvæði lýðveldisins Íslands;

ii) að því er varðar Sameinaða konungsríkið, England, Skotland, Wales, Norður-Írland, einnig Mön og Jersey, og umdæmið Guernsey.

holds a valid United Kingdom Passport or an Identity Card issued in accordance with the Health Insurance (Jersey) Law, 1967 or a certificate issued by the social security authority of the States of Jersey;

(iv) in relation to the Islands of Guernsey, Alderney, Herm, Jethou and Sark, a person who is ordinarily resident in one of those islands who holds a valid United Kingdom passport, or proof of insurance issued by the social security authority of the States of Guernsey or other proof of residence;

(c) "territory" means:

(i) in relation to Iceland, the territory of the Republic of Iceland;

(ii) in relation to the United Kingdom, England, Scotland, Wales, Northern Ireland, also the Isle of Man and the Island of Jersey, and the Bailiwick of Guernsey.

2. gr.

1. Íbúa landssvæðis annars aðilans sem dvelst um stundarsakir á landssvæði hins og þarfnast bráðnauðsynlegrar sjúkrahjálpar skal veitt með sömu skilyrðum og íbúum þess landssvæðis sú sjúkrahjálp, þar með talin lyf, sem telst af læknisfræðilegum ástæðum bráðnauðsynleg. Yfirvöld þess landssvæðis bera allan kostnað sem af því hlýst, að frátöldum þeim gjöldum sem íbúar þess landssvæðis greiða venjulega.

2. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um íbúa landssvæðis annars aðilans sem fer til hins sérstaklega til þess að fá sjúkrahjálp samkvæmt samningi þessum nema sá sem aðstoðar leitar sé í áhöfn eða farþegi skips, fars eða loftfars á leið til eða frá öðru landssvæðanna eða sem beint er þangað og þörfin á bráðnauðsynlegri aðstoð hefur orðið á meðan á ferðinni eða fluginu stóð.

ARTICLE 2

1. A resident of the territory of one Party who is temporarily in the territory of the other and needs immediate medical treatment shall be provided, on the same terms as a resident of that territory, with such medical treatment, including any medicines, as is considered for clinical reasons to be immediately necessary. The authorities of that territory shall bear all costs arising therefrom apart from charges normally paid by residents of that territory.

2. The provisions of this article do not apply to a resident of the territory of one Party who goes to the other for the specific purpose of obtaining medical treatment under this Agreement unless the person seeking treatment is a member of the crew or passenger on any ship, vessel or aircraft travelling to, leaving from or diverted to one of the territories and the need for urgent treatment has arisen during the voyage or flight.

3. gr.

1. Þau yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd þessa samnings eru:

a) að því er varðar landssvæði Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið;

b) að því er varðar landssvæði Sameinaða konungsríkisins, ráðuneytið fyrir heilbrigðismál og félagslegt öryggi og önnur yfirvöld landssvæðisins sem eru ábyrg fyrir því að þjónusta sem skilgreind er í 1. gr. a) sé veitt.

2. Yfirvöld þessi skulu svo fljótt sem auðið er skiptast á upplýsingum um breytingar á lögum eða reglugerðum í gildi á landssvæðum þeirra sem

ARTICLE 3

1. The authorities responsible for the implementation of this Agreement are:

(a) in relation to the territory of Iceland, the Ministry of Health and Social Security;

(b) in relation to the territory of the United Kingdom, the Department of Health and Social Security and the other authorities of the territory responsible for the provision of services as defined in Article 1(a).

2. These authorities shall send to each other as soon as possible details of any changes in laws or regulations in force in their respective territories

gætu haft veruleg áhrif á eðli og umfang þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum.

3. Rísi ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skal hann jafnaður í viðræðum milli yfirvalda þessara.

4. gr.

Samningur þessi öðlast gildi á undirritunardegi og gildir þar til annar hvor samningsaðilinn segir honum upp með því að tilkynna hinum aðilanum skriflega þar um með sex mánaða fyrirvara.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík hinn 22. september 1982 á íslensku og ensku og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands.
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Sameinaða konungsríkisins Stóra-
Bretlands og Norður-Írlands.
Belstead

which may significantly affect the nature and scope of services provided under this Agreement.

3. Any disagreement relating to the interpretation or application of this Agreement shall be resolved by consultation between these authorities.

ARTICLE 4

This Agreement shall enter into force on the date of signature and shall remain in force until denounced by either Party by giving six months' notice in writing to the other Party.

In witness whereof the undersigned, duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

Done in duplicate at Reykjavík this 22nd day of September 1982 in the Icelandic and English languages, both texts being equally authoritative.

For the Government of the
Republic of Iceland.
Ólafur Jóhannesson

For the Government of the
United Kingdom of Great Britain
and Northern Ireland.
Belstead

16. desember 1982 Nr. 20

AUGLÝSING

um uppsögn samnings um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Með orðsendingu 4. júní 1982 var tilkynnt um ákvörðun ríkisstjórnar Kanada um að segja upp samningi milli Íslands, Kanada og Noregs frá 7. apríl 1972 um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1972, þar sem samningurinn er birtur.

Í samræmi við 6. gr. samningsins fellur hann úr gildi 15. apríl 1983.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. desember 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Ingvi S. Ingvarsson.